

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



12. apríl 2021

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 625. mál á 151. löggjafarþingi**

*Frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda*

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt rafrænni þjónustu. Að því sögðu er þó ástæða til að koma á framfæri athugasemdum við atriði þessu tengd sem lúta að rafrænni auðkenningu.

Að undanfögnu hafa samtökin orðið vör við aukna tilhneigingu hins opinbera til að krefjast notkunar rafrænna skilríkja sem skilyrði fyrir aðgangi að ýmissi opinberri þjónustu. Þetta hófst árið 2014 með leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána, en nýjasta dæmið er að nú er ekki lengur mögulegt að taka námslán nema með rafrænum skilríkjum þó svo að engin lagastoð sé fyrir slíku skilyrði.

Aðeins eitt fyrirtæki í eigu einkaaðila, einkum fjármálafyrirtækja, býður upp á svokölluð rafræn skilríki samkvæmt lögum um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001. Að mati samtakanna er það með öllu óréttmætt að þvinga neytendur í viðskipti við einkafyrirtæki í einokunarstöðu, með því að krefjast auðkenningar með rafrænum skilríkjum svo þeir geti sótt réttindi sín á grundvelli laga. Dæmi eru um að einstaklingar hafi orðið fyrir alvarlegum réttarspjöllum af þessum ástæðum.

Samkvæmt tilkynningu forsætisráðuneytisins um eflingu stafrænnar þjónustu frá 31. maí 2019 stefna stjórnvöld nú að því að ríkið taki að sér útgáfu á rafrænum skilríkjum. Samtökin eru almennt fylgjandi þeirri stefnu og hvetja til þess að þeirri vinnu verði hraðað, en jafnframt að lög samkvæmt frumvarpi þessu taki ekki gildi fyrr en ríkið hefur hafið útgáfu slíkra skilríkja.

Einnig er óhjákvæmilegt að gera þá athugasemd við 7. gr. frumvarpsins að engan veginn er nægilegt að gera gögn aðeins "aðgengileg" í rafrænu pósthólfi, svo það hafi sömu réttaráhrif og formleg birting með ábyrgðarsendingu eða stefnuvotti. Réttaráhrif slíkrar birtingar verða að vera háð því skilyrði að viðkomandi einstaklingur hafi raunveruleg móttekið umrædd gögn, svo sem með því að opna slíka tilkynningu í rafrænu pósthólfi, eða smella á hnapp til að staðfesta móttöku. Annars er hætta á að meðferð mála sem varða hagsmuni einstaklinga fari fram án vitundar þeirra.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is